

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar.
Norðurhelli 2
Hafnarfirði.

Hafnarfirði 05. 05.2022.

Erindi: Vitastígur, umferðarmál – vistgata.

Með erindi dags. í sept. 2021 óska tveir íbúar við Vitastíg eftir því, að umferðamál götunar verði tekin til endurskoðunar, og að hámarks hraði verði lækkaður, hraðarhindranir settar upp og götunni breytt í vistgötu.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Vitastíg frá 2019 og þar er að finna eftirfarandi:



Gatan er einstefnugata með 15 almennum bílastæðum í götu. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum inn á lóðum nema við hús nr. 10 og 12. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hámarks umferðarhraði 30km/klst. Nánari skilmála eða leiðbeinandi upplýsingar um frágang, útfærslu eða endubætur á gturými er ekki að finna.

Í greinagerð gildandi skilmála er þó sagt:

Almennir skilmálar

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er að stuðla að heildstæðu byggða- og götu- mynstri í grónu hverfi og tryggja að nýbyggingar og viðbyggingar falli vel að því umhverfi sem fyrir er. Það verður gert með því að virða byggingarstil núverandi húsa og þess skal gætt að nýbyggingar og breytingar á eldri húsum falli vel að umhverfi sínu. Þetta gildir um öll þegar byggð hús á deiliskipulagssvæðinu. Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða hins byggða umhverfis. Almennt gildir að hús stækki ekki umfram 10% af grunnfleti sínum.

Fylgja skal markmiðum stefnu stjórnvalda um íslenskan byggingararf og fram kemur í Menningarstefnu í mannvirkjagerð (apríl 2007) en hún varðar m.a. að tryggja beri verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess.

Á síðustu árum hefur sú skoðun fengið aukið vægi, að við skipulagsvinnu sem snýr að eldri hverfum og við endurbætur/varðveislu þeirra þurfi að leggja ríka áherslu á umhverfispætti. Í því sambandi má nefna m.a.:

- Bættar göngu- og hjólréiðaleiðir
- Aukið magn gróðurs í göturýmum.
- “Grænar ofanvatnslausnir”
- Aukin flokkun úrgangs
- Bætt lýsing í göturýmum
- Rafhleðslustaurar vegna rafbílavæðiningar



Í ljósi þeirra stefnu sem Hafnarfjörður hefur sett sér við varðveislu og endurgerð eldri byggðar, samanber deiliskipulag Vesturbæjar og verndasvæðis í byggð er lagt til, að skipulafsfulltrúa í samstafi við framkvæmdasvið verði falið að hefja vinnu við stefnumótandi sýn er tekur til endurbóta á innviðum og göturými í eldri hverfum Hafnarfjarða.

Þormóður Sveinsson. skipfltr.